

Fundargerð 166. Fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 18. ágúst 2022, kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson formaður, Snæfríður Einarsdóttir, Einar Sveinn Kristjánsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Helgi Már Sigurgeirsson, Pétur Freyr Jónsson (fjarfundur), Agnar Ólason.

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir

Gestir:

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 165

- Fundargerð frá síðasta stjórnarfundum hefur verið send á stjórnarmenn. Ákveðið að fresta afgreiðslu hennar til næsta fundar stjórnar.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

- Formaður segir frá því að hann hafi fengið bréf frá Önnu Björk hjá Oceansofdata.co um að fyrirtækið geti ekki sérsníðið lausnir fyrir VM að svo stöddu. Umræður um bréfið.
- Formaður segir frá Sameiginlegum fundi með kjaradeildum VM, Matvís, RSÍ og Byggingar þar sem mótaðar voru kröfur fyrir komandi kjaraviðræður gagnvart SA. Hægt gengur að fá tölur fyrir komandi kjaraviðræður. Fundað var með hagfræðingi Landsbankans. Fagfélögin réðu tímabundið hagfræðing sem vinnur hjá Háskólanum til að aðstoða við undirbúning komandi kjaraviðræðna. Umræða um útreikninga og tölfræðigögn vegna komandi kjaraviðræðna.
- Formaður varpar upp á skjá og kynnir samantekt á sameiginlegri kröfugerð kjaradeilda Fagfélaganna þ.e. RSÍ, VM, Bygging og Matvís. Niðurstaðan varðandi launahækkun var blönduð leið 4,2% eða 16.000 kr. auk hagvaxtarauka miðað við stuttan samning. Formaður fer yfir samantektina og svarar spurningum stjórnarmanna. Almennar umræður um kröfugerð fyrir komandi kjaraviðræður og mögulega aðkomu ríkisins að þeim. Formaður segir frá því að verið sé að vinna að skýrslu hjá ASÍ um húsnæðismálin. Þar eru helstu áherslur á vísitölutryggingu húsaleigu. Ekki sanngjarnt að fjölskyldur í leiguíbúðum þurfi að sæta hækkun ef t.d. leiguverð hækkar vegna stríðsátaka. Almennar umræður um ástandið á húsnæðis- og leigumarkaði og hlutdeildarlán.
- Formaður segir frá því að hagtölur fyrir kjarasamningsgerð verði tilbúnaðar vonandi í næstu viku og í framhaldinu verði samantekt kröfugerðar Fagfélaganna send á stjórnarmenn til yfirferðar. Í framhaldinu verði fundur með stjórn VM og svo með samninganefndinni. Ákveðið að hafa fundinn með stjórn VM eftir kl. 17. Umræður um kjaramál vélstjóra í landi.
- Formaður segir frá því að Fagfélögin hafi verið að reyna að efla samskipti við stjórnvöld og fengið ráðherra á fund hingað í hús. Menntamálaráðherra kom á fund



og rætt var við hann um vanda skólanna við að taka nemendur í verknám. Eftir fundinn skipaði ráðherra nefnd um málið sem hefur það verkefni að fara yfir stöðuna hjá skólunum. Formaður fer yfir bráðabirgðatölfræði um hve mörgum hefur verið hafnað um inngöngu í verknám í einstökum greinum milli skóla. Formaður nefnir þrenns konar ástæður fyrir þessum vanda þ.e. nemendur uppfylla ekki kröfur, aðstaðan er ekki nægilega góð og skort á kennurum. Almennar umræður um málið. Í næstu viku mun félagsmálaráðherra koma og ræða um mannsal og mögulegar aðgerðir til úrbóta.

- Formaður segir frá því að samtal sé hafið milli Samtaka iðnaðarins og Fagfélaganna um löggildingu iðngreina og frumvarp sem liggur fyrir um að fella niður löggildingu í ákveðnum iðngreinum.
- Formaður segir frá því að skrifstofu Fagfélaganna hafi verið lokað í tvær vikur í júlí og að forstöðumaður kjaradeildar hafi verið á bakvakt varðandi kjaramál. Mjög lítið var um fyrirspurnir frá félagsmönnum á þessum tíma.
- Formaður segir frá árlegu golfmóti VM þann 5. ágúst og ferð eldri félagsmanna sem farin var í sumar.

3. Staðan hjá ASÍ

- Formaður fer yfir stöðuna hjá ASÍ, afsögn forseta og það að formaður RSÍ hafi stigið þar inn og sé nú starfandi forseti ASÍ fram að þinginu í október. Sú staða muni mögulega hægja á framgangi mála sem þurfi að klára innan Fagfélaganna.
- Formaður segir frá færslu á varaforsetum hjá ASÍ.
- Formaður fer yfir skjal yfir málefni og málefnaþópa fyrir ASÍ þingið. VM á eftir að velja fulltrúa inn á þingið. Fjöldi fulltrúa fer eftir því hvað félög greiða mikið inn í ASÍ. Formaður reiknar með að þetta séu á bilinu 10-11 fulltrúar hjá VM. Umræða um hvernig velja eigi fulltrúa VM á ASÍ þingið. Hugmynd um að halda rafrænan fund þar sem fulltrúar verði tilnefndir á þingið og hvort halda eigi rafræna kosningu í kjölfarið. Umræða um útfærslu á þessu. Formaður ætlar að skoða hvernig þetta hefur verið framkvæmt hingað til. Tillaga borinn upp um að auglýsing verði sett inn á heimasíðu og samfélagsmiðla þar sem óskað verði eftir fulltrúum á þingið. Þeir sem vilja bjóða sig fram senda skilaboð/tölvupóst til VM. Samþykkt.

4. Staðan hjá Húsi Fagfélaganna

- Formaður segir frá því að formaður RSÍ sé að hugsa hvort hann vilji bjóða sig fram til forseta ASÍ á þinginu í haust. Umræður um framboð til forseta ASÍ.
- Formaður segir frá því að formenn félaganna í húsinu hafi fengið til sín ráðgjafa sem hefur líka komið að því að setja upp skipulag hjá löðunni. Hann hefur verið fengin til að rýna skipulagið hjá Fagfélögunum. Þurfi að klára. Almennar umræður um málið. Ítrekuð beiðni um að stjórn VM fái að sjá fundargerðir af stjórnarfundum Fagafélaganna.
- Stjórnarmaður óskar eftir rekstraráætlun Fagfélaganna út árið og einnig fyrstu þrjá mánuði næsta árs. Stjórnarmönnum að formaður fái heimild til að halda áfram samtali um framtíð Fagfélaganna.

5. Orlofsmál

- Formaður segir frá því að það hafi verið samþykkt á aðalfundi að byggja 4 hús á Laugarvatni. Einnig er búið sé að semja við arkitekt hjá Kvarða um teikningar á húsunum. Næsta skref er að losna við gömlu húsin og fá tilboð í að smíða ný hús. Umræða um hvort auglýsa eigi húsin til sölu. Ákveðið að auglýsa þau almennt og líka inn á heimasíðu félagsins.
- Umræða um stundlaugina á Laugavatni. Búið er að fá leyfi til að reka sundlaugina á Laugarvatni næstu 10 árin. Það er búið að panta síur, dælur og dúka og nýja heita potta sem koma í byrjun september. Einhver óánægja hefur verið með tafir á endurbótum á gufubaðinu vegna seinkun á búnaði. Umræða um hvort ráða eigi verktaka eða launamanneskju til að sjá um húsin á Laugarvatni. Rætt um að gera þurfi úttekt á ástandi leiktækja á svæðinu og gera við þau eftir þörfum.
- Umræða um að framkvæmdir séu hafnar við byggingu húss á Einarstöðum.
- Rætt um Njálsgötu 5 sem VM fékk í arf. Umræða um hvort leggja eigi í framkvæmdir eða selja eignina. Ákveðið að selja eignina og fá Gunnar Fannberg til að framkvæma úttekt. Samþykkt.

6. Félag fagkvenna

- Formaður segir frá því að Margrét fyrrverandi formaður FÍR og núverandi formaður Félags fagkvenna hafi verið boðið til Noregs að kynna Félag fagkvenna. Félagið er að leita til stéttarfélagana til að fá styrki.
- Umræða um fjárhæð styrks. Formaður gerir tillögu um að styrkja Félag fagkvenna um 200 þúsund. Samþykkt.

7. Önnur mál

- Þing ASÍ: Almennar umræður um forsetakjör hjá ASÍ.
- Samninganefndir: umræða um skipun samninganefnda.
- Aukafélagsgjald: óskað eftir því að það verði auglýst á vefnum að það sé 10 þúsund.

- Fyrirspurn um hvort það hafi borist iðgjöld vegna Guðna Elíssonar sem sagði sig úr félaginu með óformlegum hætti.
- Athugasemd gerð við að fundargerðir frá stjórnarfundum VM árið 2022 hafi ekki verið settar inn á heimasíðu félagsins.
- Umræða um starfskjör formanns. Formaður og ritari víkja af fundi.
- Umræða um fræðslu og námskeið fyrir stjórnarmenn. Formaður gerir tillögu um að fá Guðmund hjá ASÍ til að halda námskeið um fundarsköp. Samþykkt.

Fleira ekki formlega rætt.

Fundi slitið kl. 15:00

Ákveðið að halda næsta stjórnarfund fimmtudaginn 15. september 2022, kl. 11:00